

4. fundur hafnarnefndar Langanesbyggðar 2015 haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins föstudaginn 5. júní 2015 og hófst kl.13:00.

Mættir eru: Rafn Jónsson formaður, Halldór Stefánsson, Jónas Jóhannsson, Aðalbjörn Arnarsson, Jón Rúnar Jónsson hafnarvörður og Elías Pétursson hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð og svo var ekki. Að því loknu var gengið til dagskrár.

1. Bréf rannsóknarnefndar samgönguslysa (RNSA) dags 06.05.2015

Borist hefur bréf frá RNSA hvar gefinn er kostur á andsvari við drögum að ályktun nefndarinnar vegna ásiglingar GREEN AUSTEVOLL þann 3. október 2014. Í umræddum drögum að nefndaráliti kemur fram að örsök atviksins sé að skipstjóri hafi misst stjórn á skipinu, hafnarnefnd er sammála því álit (*smbr. myndbandsupptöku*). Hafnarnefnd gerir hinsvegar athugasemd við það álit nefndarinnar að hafnarvörður hafi ekki þá þekkingu til að bera sem þarf til að lýsa aðstæðum í innsiglingu hafnarinnar. Hlutverk hafnarvarðar þegar hann fer um borð í skip er að miðla upplýsingum um aðstæður, leggja fram gögn um innsiglingu og dýpi að auki er hann vel staðkunnugur.

Hafnarnefnd felur hafnarstjóra að koma athugasemdum á framfæri við RNSA.

2. Bréf Ísfélags Vestmannaeyja – Sjókerfi, húsnæði og inntak

Rafn lýsir sig vanhæfan og er það samþykkt. Rafn vísar af fundi og tók Jónas við fundarstjórn.

Með bréfi dagsettu þann 13. apríl 2015 óskar Ísfélag Vestmanneyja eftir leyfi til að endurnýjunar húsnæðis á suðurbryggju fyrir sjókerfi félagsins. Óskað er eftir leyfi til að byggja varanlegt 54 m2 steinsteypt húsnæði í stað 40 feta gáms sem er í lélegu ástandi. Meðfylgjandi bréfinu eru teikningar af húsnæðinu og staðsetningu þess. Umhverfis og skipulagsnefnd tók málið fyrir á fundi þann 16. apríl og samþykkti umsóknina fyrir sitt leyti.

Hafnarnefnd samþykkir umsóknina og mælist til þess að sveitarstjóra verði falið að ganga frá samningi um lóð vegna hússins. Samþykkt samhljóða.

Rafn kom aftur inn á fundinn og tók við stjórn hans.

3. Staða verkefna

- Hafnarvörður hefur undanfarið unnið að ýmsum smáverkefnum og undirbúningi vegna sjómanna dags.
- Hvað varðar girðingu þá er verið að vinna í því að fá efni flutt norður, flutningur er kostnaðarsamur. Ræður þar mestu flutningur á steinklossum (undirstöðum) vegna lausra girðinga. Líklegt er að kostnaður fari lítilliga fram úr áætlun.
- Kostnaðaráætlun vegna myndavéla verður lögð fyrir sveitarstjórn á næsta reglulega fundi hennar. Áætlun gerir ráð fyrir því að settar verði upp þrjár

myndavélar sem ná c.a. 270 ° sýn á hafnarsvæðið á Þórshöfn. Gert er ráð fyrir einni vél á hafnarsvæði Bakkafjarðarhafnar.

4. Önnur mál.

- Umræður um framtíðarmöguleika hafnarinnar og hönnun á lengingu á viðlegukanti. Fram kom í umræðunni nauðsyn þess að leitast við við að finna lausn á ísvandamáli innan hafnarinnar.

Fundargerð lesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:15